

STANLEY - Snjóbrettaleikur

Skilmálar gjafaleiks

1. Leyfilegir þátttakendur leiksins eru allir íbúar Íslands með íslenska kennitölu og eru a.m.k. 18 ára að aldri. Undantekning er þó að starfsmönnum BYKO og K. Þorsteinssonar & Co. og fjölskyldum þeirra er ekki heimil þátttaka sem og starfsmönnum dreifingaraðila og fjölskyldum þeirra. Þessum aðilum er heldur ekki heimilt að fá þriðja aðila til skrá sig til leiks með kaupnótum þeirra sem ekki er heimil þátttaka. Krafist verður staðfestingar á aldri vinningshafa.
2. Þátttakendur teljast hafa samþykkt þessa skilmála með skráningu í leikinn, enda hafi þeir hakað við staðfestingarsamþykki við skráningu.
3. Fullnægjandi vörukaup: Til að eiga rétt á að taka þátt í gjafaleiknum þurfa þátttakendur að kaupa einhverja STANLEY vöru frá BYKO á tímabilinu sem leikurinn fer fram.
4. Til að taka þátt:
Fara á vefsíðuna www.vetrarleikur.is til að skrá þátttöku.
 - a. Þátttakendur þurfa að:
 - i. Skrá fullt nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer, hvaða vara var keypt og verslun þar sem varan var keypt.
 - ii. Hlaða upp mynd af kvittun fyrir vörukaupum
 - iii. Lesa og samþykkja þessa skilmála
 - b. Eftir skráningarferli á vefsíðu í samræmi við þessa skilmála munu skilaboð birtast á skjánum til staðfestingar á því að skráning hafi tekist.
 - c. Einungis skráningar sem uppfylla skilyrðin hér að ofan teljast gildar skráningar.
 - d. Síðasti möguleiki á skráningu er fyrir kl. 23:59:59 þann 15. febrúar 2024
5. Skráningar þurfa að berast milli kl. 06:00:00 þann 20. janúar 2024 og 23:59:59 þann 15. febrúar 2024. Einungis er heimil ein skráning fyrir hvern þátttakanda. Skráningar sem berast eftir lokatíma verða ekki teknar með í útdrætti.
6. Vinningshafar verða dregnir út af markaðsdeild BYKO og mun útdrátturinn fara fram þann 20. febrúar 2024 þar sem dregið verður úr öllum fullnægjandi og réttmætum skráningum sem bárust fyrir lokatíma skráningar. Undir engum kringumstæðum er hægt að áfrýja ákvörðun markaðsdeildar. Vinningshafar munu fá tilkynningu um vinning senda með tölvupósti á skráð netföng innan 14 daga frá ákvörðun markaðsdeildar. Vinninghafar skulu hafa samband við söluaðila innan viku frá því að tilkynning er send, að öðrum kosti mun vinningshafi tapa vinning og annar vinningshafi valinn í staðinn. Vinningshafi verður að geta vísað fram frumriti kvittunnar fyrir vörukaupunum sem notuð var til skráningar í leikinn. Skipuleggjendur leiksins áskilja sér rétt að breyta vinning ef þarf og afhenda í staðinn álíka vinning og þann sem kynntur var sem vinningur leiksins.
7. Valdir verða 7 (sjö) vinningshafar og vinningur fyrir hvern og einn er STANLEY snjóbretti með bindingum og STANLEY húfa. Mögulega er útlitsmunur á vinningum og þeim myndum af vinnum sem birtast á markaðsefni leiksins, hvort sem er á prenti eða vef. Áætlað söluandvirði vinnings er um 53.000 kr. með VSK.
8. Leikurinn á eingöngu við um kaup á STANLEY vörum hjá BYKO ehf. í ákveðnum verslunum félagsins: Breidd Skemmuvegi 4, Granda Fiskislóð 15, Akureyri Óðinsnesi 2, Selfossi Langholti 1, Suðurnesjum Víkurbraut 14 og Leigan Selhellu 1. Valin verður einn vinningshafi úr hverri verslun.
9. Ekki er heimilt að skipta vinning fyrir aðra vöru eða reiðufé. Ef nauðsynlega þarf þá geta skipuleggjendur leiksins afhent hliðstæða vöru sem er jafn verðmæt eða verðmætari ef ekki er hægt að afhenda auglýstan vinning vegna ófyrirséðra orsaka. Ákvörðun um slíkt er tekin af

skipuleggjendum leiksins og er ekki á nokkurn hátt hægt að áfrýja. Ekki er hægt að óska eftir að því við skipuleggjanda að afhenda öðrum en vinningshafa verðlaun leiksins.

10. Skipuleggjendur áskilja sér rétt til að breyta skilmálum leiksins hvenær sem er og birta þá breytta skilmála á vefsíðunni www.vestrarleikur.is.
11. Ákvörðun markaðsdeildar BYKO er endanleg og er bindandi í hvívetna fyrir alla þátttakendur. Skráningar sem ekki uppfylla að fullu skilmála leiksins verða dæmdar óhæfar til þátttöku.
12. Vinningshafar samþykkja með því að samþykkja skilmála þessa að skipuleggjendur leiksins megi nota skráningu, nafn vinningshafa og myndir af afhendingu vinninga í markaðslegum tilgangi með birtingu á rafrænum miðlum og á prentuðu efni.
13. Allir skattar sem kunna að falla til vegna vinningsins eru á ábyrgð sigurvegara og þegar þátttakandi tekur samþykkir skilmála leiksins ber vinningshafa ábyrgð á því að fara eftir lögum varðandi vinning.
14. Sá sem safnar persónuupplýsingum í þessum viðburði samþykkir að hann muni gagnvart hvers kyns persónuupplýsingar sem unnið er með í tengslum við þennan viðburð fara að gildandi reglum um gagnavernd og vinna slík gögn aðeins að því marki sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi að uppfylla réttindi og skyldur og í samræmi við friðhelgisstefnu.
15. Skipuleggjendur fyrra sig allri ábyrgð og skuldbindinga gagnvart þátttakendum vegna:
 - a. Hvers kyns ófyrirséðrar frestunar eða afköllunar á leiknum
 - b. Breytinga á afhendingu á vinningum
 - c. Breytinga sem verða vegna athafna eða vanrækslu þriðja aðila sem eru utan valdsviðs skipuleggjanda
16. Skipuleggjendur munu nota persónulegar upplýsingar þátttakenda í þeim tilgangi að velja vinningshafa og halda utan um verkefnið.
17. Hvers konar ágreining eða kröfur sem stafa af leiknum skal leysa á sem farsælastan hátt og lögum samkvæmt. Rísi mál vegna hans skal það rekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skipuleggjendur leiksins eru: K. Þorsteinsson & co ehf., kt. 650172-0519 sem dreifingaraðili Stanley handverkfæra og BYKO ehf., kt. 460169-3219 sem söluaðili Stanley handverkfæra.

Stanley Black & Decker Inc. er ekki aðili að leiknum, hvorki eignandi eða skipuleggjandi og ber því enga ábyrgð þar af lútandi.